

Föstudaginn 5. febrúar 1943.

Nr. 105/1942. **Magnús Andrésson**

gegn

Andreas Godtfredsen og gagnsök.

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Um öflun skýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Aður dómur gangi í máli þessu í hæstarétti, þykir verða að ákveða samkvæmt analogíu 120. gr. laga nr. 85/1936, að aðiljar máls þessa verði kvaddir fyrir héraðsdóm og þar beint til þeirra að gefa skýrslur um málavöxtu að viðlagðri ábyrgð, sbr. 142. gr. laga nr. 19/1940.

1. Báðir aðiljar skulu krafðir nánari sagna um skipti þeirra varðandi 350 smálestir af salti frá Vareforsyningen í Færeyjum. Sérstaklega skal gagnáfrýjanda gefinn kostur á að skýra frá efni símskeytis þess, dags. 8. apríl 1941, sem hann er talinn hafa fengið frá Vareforsyningen, og hvort aðaláfrýjandi hafi fengið vitneskju um efni þess. Þá skal og aðaláfrýjandi spurður um vitneskju hans varðandi skeyti þetta.
2. Aðiljar skulu krafðir rækilegra skýrslna um skipti þeirra um þrjár saltsendingar, er gagnáfrýjandi er talinn hafa útvegað aðaláfrýjanda frá firmanu A. & M. Smith Ltd. í Aberdeen. Einkum skal gagnáfrýjandi spurður um viðskipti hans og nefnds firma og honum gefinn kostur á að leggja fram símskeyti og bréf, er honum og firmanu hafa farið á milli, og hann spurður, hvort honum hafi verið kunnugt um, þegar hann kom viðskiptunum á, að A. & M. Smith höfðu í hyggju að heimta 3% umboðspóknun af söluverði saltsins auk þeirra 3% póknunar, sem gagnáfrýjandi taldi sig eiga tilkall til, og ef þessu var þannig farið, hvort hann hafi tilkynnt aðaláfrýjanda það. Þá skal aðaláfrýjandi spurður, hvort hann hafi haft nokkra vitneskju um, að nefnt firma mundi taka sérstaka póknun auk umboðspóknunar gagnáfrýjanda og hvaða fyrirmæli hann, þ. e. að-

aláfrýjandi, hafi gefið umboðsmanni sínum í Aberdeen um greiðslur til A. & M. Smith vegna nefndra salt-sendinga.

Aðiljar skulu leiddir saman og spurðir um ósamræmi, er verða kann í skýrslum þeirra, og loks skulu þeir inntir eftir öllum þeim atriðum, er svör þeirra kunna að gefa efni til málinu til skýringar.

Því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að kveðja aðilja máls þessa fyrir dóm og beina til þeirra framangreindum spurningum svo og öðrum þeim spurningum, sem svör þeirra kunna að gefa efni til.

Miðvikudaginn 10. febrúar 1943.

Nr. 63/1942. **Lúðvík Sigmundsson** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Ísafold Jónsdóttur (Einar Ásmundsson).

Um skuldaskipti vegna leigu húsrýmis.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður, Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. júní 1942, krefst þess, að stefnda verði dæmd til að greiða honum kr. 332.90 með 5% ársvöxtum frá 10. nóv. 1941 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefnda krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Kröfuliðir áfrýjanda verða athugaðir hér í sömu röð og í héraðsdómi.

Um 1. Hér fyrir dómi hefur ekki verið gerð frekari grein en í héraði fyrir kostnaði við upphitun og kyndingu húss áfrýjanda frá 1. júní til 8. okt. 1941. Þykir því verða að sitja við niðurstöðu héraðsdóms um þenna lið.